

Norðurþing
Gaukur Hjartarson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



Reykjavík, 10. desember 2012
Tilvísun: UST20121100149/bs

Efni: Lýsing á deiliskipulagi - Kvíaeldisstöð Rifóss að Lóni í Kelduhverfi. Umsögn

Vísað er til bréfs skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyinga dags. 26. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.


Deiliskipulagið kemur til með að skilgreina núverandi mannvirki auk fyrirhugaðrar aukningar.


Umrætt deiliskipulag nær yfir grannsvæði vatnsverndar. Því telur Umhverfisstofnun að fjalla eigi um fráveitur frá landkvíum í deiliskipulagi.

Megin hluti svæðisins sem deiliskipulagið nær til er innan svæðis nr. 532 á náttúruminjaskrá, Votlendi við Öxarfjörð. Umhverfisstofnun telur að í deiliskipulagi eigi að gera grein fyrir hugsanlegum áhrifum á náttúruverndargildi svæðisins.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda lýsingu á deiliskipulagi.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur